



327. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 6. október 2022 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.

Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud og Hörður Þorsteinsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu og fagsviðum

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir samantekt um helstu verkefni á skrifstofu ÍSÍ og hjá fagsviðum, sem fylgir í fundargögnum stjórnar.

2. Fjármál

Gunnar Bragason gjaldkeri sýndi glærur til upprifjunar á því hvernig skiptingu lottófjár er háttað.

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárframlög til íþróttahreyfingarinnar af fjárlögum 2023. Um er að ræða lækkanir á framlögum til Ferðasjóðs íþróttafélaga, Afreksjóðs og styrkjum til sérsambanda ÍSÍ.

Umræður urðu um málið og þá rýrnun sem orðið hefur á framlögum til mikilvægra málaflokka í íþróttastarfinu gagnvart verðlagshækkunum og vísitölu.

3. Verkferlar, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni

Framkvæmdastjóri ÍSÍ skýrði stöðu mála. Stefnt er að því að kynna verkferlana í byrjun nóvember nk., mögulega í tengslum við Dag eineltis.

4. Fundur norrænna íþrótt- og ólympíusamtaka – Yfirlýsing

Forseti skýrði frá nýafstöðnum fundi norrænna íþrótt- og ólympíusamtaka, sem haldinn var í Osló. Umræður um stöðuna í Úkraínu voru fyrirferðarmiklar og gaf fundurinn út sameiginlega yfirlýsingu um málið, sem birt var á miðlum allra samtaka og send til fjölmiðla. Yfirlýsingin snýr að því að í ljósi þess að Rússar hafa hert á stríðsátökum og hóttað notkun kjarnorkuvopna þá telja norrænu samtökin ótímabært að leyfa Rússum og Hvít-Rússum að snúa aftur til þátttöku í alþjóðlegu íþróttastarfi.

Önnur málefni sem rædd voru á fundinum voru m.a. sjálfbærni, siðamál, öryggi í íþróttum, umhverfismál, íþróttir eftir COVID-19 o.fl.

Fulltrúar ÍSÍ og ÍF heimsóttu Olympiatoppen í ferðinni og fengu leiðsögn um mannvirki og aðstöðu fyrir afreksíþróttafólk Noregs.

5. Tillaga til þingslályktunar um skattlega hvata vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks, 133. mál

Nefndasvið Alþingis hefur óskað eftir umsögn ÍSÍ um ofangreinda þingsályktun. Skrifstofan mun vinna umsögn í samráði við forseta, framkvæmdastjóra og Afreks- og Ólympíusvið.

6. Styrkir vegna afleiðinga COVID-19

Inn á fundinn kom Guðrún Inga Sívertsen formaður vinnuhóps ÍSÍ sem unnið hefur tillögu um skiptingu styrkja til sambandsaðila og íþrótt- og ungmennafélaga vegna afleiðinga COVID-19. Guðrún Inga skýrði frá starfi hópsins og yfirferð umsókna. Um er að ræða 4. úthlutun styrkja vegna COVID-19. Umsóknir voru 113 talsins og heildarupphæð umsókna var um 1 milljarður.

Guðrún Inga skýrði áherslur hópsins og niðurstöður um útteilingu styrkja.

Fundarmenn samþykktu samhljóða aðferðarfræði vinnuhópsins við skiptingu fjármagnsins. Tillagan verður nú send ráðuneytinu til umfjöllunar og staðfestingar.

Forseti þakkaði Guðrúnu Ingu fyrir skelegga framsögu og vinnuhópnum í heild fyrir mikið og gott starf við yfirferð umsókna, vinnslu og tillögu til úthlutunar.

7. Siðareglur EOC

EOC hefur uppfært siðareglur sambandsins. Gerð var athugasemd, af hálfu smáþjóða Evrópu, varðandi tilvísun í Smáþjóðaleikana þar sem leikarnir eru ekki viðburður á vegum EOC en samkvæmt þessari nýju útgáfu þá hefur ekki verið tekið tillit til þeirrar athugasemdar.

Skrifstofa mun bera saman uppfærðar siðareglur EOC, siðareglur IOC og siðareglur ÍSÍ, til að gæta samræmis.

8. Vinnuhópur um nýjar íþróttagreinar og alþjóðasambönd

Úlfur H. Hróbjartsson skýrði frá starfi vinnuhópsins fram til þessa.

Hópurinn hefur fundað þrisvar og hefur áhersla verið lögð á að skoða verklag og verkferil varðandi íþróttanefndir ÍSÍ.

Hópurinn leggur til að íþróttanefndirnar verði lagðar niður í því formi sem þær eru í dag því ýmsir annmarkar eru á því fyrirkomulagi. Skoða þurfi aðra úrlausn fyrir þær íþróttagreinar sem komnar eru nálægt því að uppfylla skilyrði í lögum ÍSÍ um stofnun sérsambands.

Málið verður skoðað nánar með tilliti til laga og regluverks ÍSÍ.

Rætt um að bæta inn í lög ÍSÍ ákvæðum varðandi niðurlögn sérsambands ef starfsemi viðkomandi sambands fer niður fyrir ákveðinn iðkendafjölda og útbreiðslu í héruðum.

Undir þessum lið skýrði Viðar Garðarsson frá starfi starfshóps um mótun aðgerðaráætlunar með lýðheilsustefnu, sem hann situr í sem fulltrúi ÍSÍ. Ýmsar hugmyndir er lúta að málefnum ræddar.

9. Starfsskýrslur - keppnisbannslisti

Skrifstofustjóri lagði fram lista yfir 13 félög sem enn hafa ekki staðið skil á starfsskýrslum.

Samþykkt að tilkynna þessum félögum að þau séu komin í keppnisbann vegna vanskila, líkt og búið var að tilkynna þeim að væri yfirvofandi.

10. Heiðranir

Engar tilnefningar lágu fyrir fundinum.

11. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 326. fundur framkvæmdastjórnar
- 5. fundur laganefndar ÍSÍ. **Tillögur nefndarinnar um afgreiðslu mála, sbr. fundargerð, staðfestar.**
- Minnisblað varðandi verkefni sviða
- Minnisblað AS og HK frá NOC Open Days í París

12. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar

Næstu fundir stjórnar verða 27. október og 24. nóvember nk.
Formannafundur ÍSÍ verður 25. nóvember nk.

14. Önnur mál

Málefni trans fólks

Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, fyrrum formaður Trans Íslands hefur óskað eftir því, í gegnum Kolbrúnu Hrund, að fá samtalið við framkvæmdastjórn ÍSÍ um málefni trans fólks. Kolbrún Hrund mun setja sig í samband við Ugla Stefaníu varðandi fyrirkomulag og dagsetningu fundar.

Örnámskeið ríkislögreglustjóra fyrir fólk í störfum við viðburði

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir sagði frá örnámskeiði sem lögreglan býður upp á fyrir þá sem starfa á viðburðum. Námskeiðið miðar að því að efla öryggi þeirra sem starfa við gæslu og önnur störf á stórum íþróttaviðburðum. Í ljósi aukinna óvæntra atvika á viðburðum héraendis er mögulega aukin þörf á fræðslu um málefnið, til að stuðla að betra öryggi starfsfólks og sjálfboðaliða.

Skrifstofu falið að skoða málið og vinna með það áfram, ef þurfa þykir.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari